

Priðjudaginn 6. maí 1997.

Nr. 178/1997.

**Félag íslenskra flugumferðarstjóra**

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

**íslenska ríkinu**

(Jón G. Tómasson hrl.)

Kærumál. Félagsdómur. Frávísunarúrskurður staðfestur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur með kæru 15. apríl 1997, sem barst Hæstarétti 22. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir Félagsdóm að dæma málið að efni til. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður Félagsdóms verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Hinn kærði úrskurður er á því byggður, að málatilbúnaður sóknaraðila fullnægi ekki skilyrðum e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með skírskotun til forsendna úrskurðarins verður hann því staðfestur.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem greinir í dómsorði.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Félag íslenskra flugumferðarstjóra, skal greiða varnaraðila, íslenska ríkinu, 25.000 krónur í kærumálskostnað.

### **Úrskurður Félagsdóms 8. apríl 1997.**

Málið úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Sveinn Sveinsson og Guðmundur Skaftason.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 2. þessa mánaðar, var þingfest 26. febrúar sl.

Stefnandi er Félag íslenskra flugumferðarstjóra, kt. 560372-0199, Grens-  
ásvegi 16, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f. h. ríkisins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að flugumferðarstjórar verði felldir niður  
af skrá skv. auglýsingu nr. 68/1995, sem birt var á grundvelli 2. mgr. 19. gr.  
laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins, þ. m. t. hækk-  
unar virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda eru aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, til vara,  
að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum er krafist  
málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati réttarins.

Stefnandi krefst þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið.

#### *Málavextir.*

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að samkvæmt auglýsingu, sem birt  
var í B-deild Stjórnartíðinda 27. janúar 1995, nr. 68/1995, hafi allir flugum-  
ferðarstjórar, bæði þeir, sem starfa hjá Flugmálastjórn og hjá Flugmála-  
stjórn á Keflavíkurflugvelli, verið tilgreindir á skrá fjármálaráðherra um þá,  
sem njóta ekki verkfallsréttar vegna starfa sinna við nauðsynlegustu öryggis-  
gæslu og heilbrigðisþjónustu skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjara-  
samninga opinberra starfsmanna. Í auglýsingunni voru störf flugumferðar-  
stjóra tiltekin með eftirgreindum hætti:

|                                     |                            |
|-------------------------------------|----------------------------|
| „Stofnun                            | Starf:                     |
| Utanríkisráðuneyti.                 |                            |
| Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli | Flugumferðarstjórar, allir |
| Samgönguráðuneyti.                  |                            |
| Flugmálastjórn                      | Flugumferðarstjórar“       |

Félag íslenskra flugumferðarstjóra mótmælti skráningu ráðherra á flug-  
umferðarstjórum á framangreindan lista og skaut ágreiningi vegna listans  
til Félagsdóms. Með dómi 25. september 1995 hafnaði Félagsdómur kröfu  
stefnanda um ógildingu skráningar flugumferðarstjóra á þeim grunni, að  
samráðs hefði ekki verið gætt við endurútgáfu listans, þar sem dómurinn  
hefði áður komist að því í máli nr. 3/1987, að félagsmenn stefnanda féllu  
fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga  
opinberra starfsmanna. Þá sagði m. a. í niðurstöðum dómsins frá 25. sept-  
ember: „Ekki teljast efni til að líta svo á, að undanþágulistarnir feli í sér  
viðtækari undanþágur en áður hafði verið ákveðið í ofangreindum dómi  
Félagsdóms frá 1987, þ. e. þeir, „sem starfa sem flugumferðarstjórar“.

Stefnandi hefur ekki lagt fram upplýsingar um það, hvaða félagsmenn stefnanda eða hve stór hluti félagsmanna vinna ekki að flugumferðarstjórn, enda þótt það sé ekki hlutverk Félagsdóms að gera skrár skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Þegar til þess er litið, að Félagsdómur hefur þegar dæmt, að störf flugumferðarstjóra, sem starfa sem flugumferðarstjórar, séu þess eðlis, að þau falli fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, verður að telja, að stefnandi hafi sönnunarbyrði fyrir því, að aðstæður hafi breyst verulega, frá því að sá dómur var upp kveðinn. Það hefur stefnandi ekki gert, og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.“

Í sama mánuði og dómur þessi féll, sögðu allir flugumferðarstjórar starfi sínu lausu, 82 að tölu. Í framhaldi uppsagna þeirra, sem taka áttu gildi næstu áramót á eftir, var undirbúin viðbúnaðaráætlun af hálfu Flugmálastjórnar og Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli, þar sem gert var ráð fyrir því, að einungis hluti flugumferðarstjóra sinnti flugumferðarþjónustu hér á landi. Þá beitti samgönguráðherra heimild sinni í 15. gr. eldri starfsmannalaga nr. 38/1954 og framlengdi uppsagnarfrest 32 flugumferðarstjóra, sem áttu að vinna að neyðaráætluninni, en uppsagnarfrestur annarra var áfram óbreyttur.

Að sögn stefnanda gefa ummæli í fjölmiðlum á þessum tíma vísbendingu um, að flugöryggi hafi ekki verið stefnt í voða, þrátt fyrir það að einungis hluti flugumferðarstjóra hafi átt að vera áfram við störf. Í dagblöðunum Tímanum og DV hafi komið fram, að tilgangur framlengingar uppsagnarfrests hluta flugumferðarstjórnanna hafi verið sá að halda uppi nauðsynlegri flugumferðarþjónustu, tryggja flugöryggi ásamt því að hefja þjálfun nýrra starfsmanna.

#### *Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrlausnar.*

Af hálfu stefnda er frávísunarkrafan rökstudd með því, að með dómi Félagsdóms frá 22. maí 1987 í málinu nr. 3/1987 hafi verið kveðið upp úr um það, að störf flugumferðarstjóra væru þess eðlis, að þau féllu algerlega undir 3. tölulið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Að gengnum þeim dómi hafi verið birtar skrár samkvæmt 2. mgr. 19. gr., sbr. auglýsingar nr. 41/1988, 53/1990, 31/1991 og 27/1992. Hafi allir flugumferðarstjórar verið taldir falla undir ákvæði 3. töluliðar 1. mgr. 19. gr. laganna.

Stefndi telur, að með dómi Félagsdóms 25. september 1995 í máli nr. 3/1995 hafi þegar verið dæmt um það ágreiningsatriði aðila málsins, hvort flugumferðarstjórar væru með auglýstri skrá nr. 68/1995 réttilega taldir falla undir ákvæði 3. töluliðar 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Ekki hafi verið birt

ný skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr., heldur hafi skráin frá 1995 framlengst sjálfkrafa og sé í gildi nú. Lokamálsliður 2. mgr. 19. gr. kveði á um, að ágreiningur um breytingar á skrá skuli lagður fyrir Félagsdóm, sem skeri úr honum til fullnustu. Engar breytingar hafi verið gerðar á skránni. Félagsdómur hafi skorið úr um það, að störf flugumferðarstjóra, eins og þau eru tilgreind í auglýstri skrá nr. 68/1995, séu þess eðlis, að þau falli algerlega undir 3. tölulið 1. mgr. 19. gr. Stefndi telur, að þar sem þegar hafi verið dæmt um sakarefnið og raunar sömu kröfu og stefnandi geri nú á hendur stefnda, verði að vísa málinu frá Félagsdómi samkvæmt 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfuna var því haldið fram, að dæmt hefði verið, að allir flugumferðarstjórar væru við störf, sem séu þess eðlis að falla undir 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Félagsdómur eigi aðeins að fjalla um breytingar á skrám.

#### *Mótmæli stefnanda við frávísunarkröfu stefnda.*

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að viðbúnaðaráætlun Flugmálastjórnar vegna fjöldauppsagna flugumferðarstjóra beri með sér það mat flugmálayfirvalda, að einungis þurfi 32 flugumferðarstjóra af 82 til þess að halda uppi flugumferðarþjónustu og tryggja flugöryggi. Á hinn bóginn komi það einnig margoft fram í viðtölum við forsvarsmenn flugmála, að hagkvæmni flugstjórnarinnar minnki við fækkun flugumferðarstjóra. Stefndi telur, að skilyrði laga um nauðsynlegustu öryggisgæslu sé alls ekki fullnægt, þótt hagkvæmni flugumferðarstjórnar minnki, meðan á kjaradeilu stendur. Fram hafi komið, að brottfall 50 af 82 flugumferðarstjórum stefni flugöryggi ekki í voða. Stefndi telur, að flugumferðarstjórar séu ekki með réttu á lista fjármálaráðherra og með athöfnum sínum og yfirlýsingum hafi flugmálayfirvöld viðurkennt þann skilning stefnanda.

Af hálfu stefnanda var því haldið fram, að málið snerist um það, hvort meginreglan um verkfallsrétt opinberra starfsmanna ætti við um flugumferðarstjóra eða ekki. Ef fallist yrði á skoðun stefnda, ætti stefndi þess aldrei nokkurn kost að hreyfa andmælum við skrá samkvæmt 19. gr. laga nr. 94/1986, svo framarlega sem stefndi haldi skrá óbreyttri, þ. e., að allir flugumferðarstjórar skuli vera undanþegnir verkfallsrétti.

Af hálfu stefnanda var vakin athygli á því, sem fram kemur á bls. 10 í endurriti dóms Félagsdóms í máli nr. 3/1995, að árlega hafi stefndi átt rétt á að bera fram andmæli við framlengdri skrá, og skipti ekki máli í því sambandi, að stefndi hafi ekki hreyft andmælum við auglýsingum fyrri ára.

Í þessu máli sé málsástæðan sú, að sannað sé, að það mat, að 83 flugum-

ferðarstjórar séu nauðsynlegir, hafi breyst eða að það sé rangt. Fram lögð gögn sýni, að Flugumferðarstjórn telji nægjanlegt, að 32 flugumferðarstjórar séu við störf, til þess að öryggis sé gætt.

Árið 1995 hafi stefnandi ekki getað byggt á því, að Flugumferðarstjórn teldi 32 flugumferðarstjóra nægjanlega.

#### *Niðurstaða.*

Dómkrafa stefnanda er sú, að flugumferðarstjórar verði felldir niður af skrá samkvæmt auglýsingu nr. 68/1995, sem birt var á grundvelli 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í dómi Félagsdóms í máli fjármálaráðherra gegn Félagi íslenskra flugumferðarstjóra 22. maí 1987 var litið svo á, að störf þeirra félagsmanna stefnanda, sem störfuðu sem flugumferðarstjórar, væru þess eðlis, að þau féllu algerlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. áðurgreindra laga og félagsmönnum stefnda því óheimilt að gera verkfall. Var þar boðað verkfall því dæmt ólög-mætt.

Stefnandi máls þessa höfðaði mál fyrir Félagsdómi með stefnu, út gefinni 28. febrúar 1995, með sömu aðalkröfu efnislega og fyrir liggur í þessu máli. Með dómi réttarins 25. september 1995 var henni hafnað. Var talið, að líta yrði svo á, að undanþágulistarnir fælu ekki í sér víðtækari undanþágur en áður hafði verið ákveðið í ofangreindum dómi Félagsdóms frá 1987. Stefnandi hefði ekki heldur lagt fram upplýsingar um það, hvaða félagsmenn hans eða hve stór hluti félagsmanna hans ynni ekki við flugumferðarstjórn.

Í máli þessu vísar stefnandi til fréttáflutnings um viðbúnaðaráætlun Flugmálastjórnar vegna fjöldauppsagna flugumferðarstjóra og telur það hafa verið mat flugmálafirvalda, að einungis þurfi 32 flugumferðarstjóra af 82 til þess að halda uppi flugumferðarþjónustu og tryggja flugöryggi. Í fram lagðri frétt Ríkisútvarpsins frá 19. desember 1995 er haft eftir flugmála-stjóra, að flugumferðarstjórum á vakt í Keflavík og Reykjavík á annatímum myndi fækka um 19, úr 78 í 59, þegar uppsagnir 50 flugumferðarstjóra tækju gildi um áramótin. Á sama dómskjali kemur fram, að forseti IFATCA, Preben Lauridse, „efast mjög um, að hér verði nægilega margir á vakt 1. janúar til að framkvæma viðbúnaðaráætlunina“. Viðbúnaðaráætlun þessi kom aldrei til framkvæmda, með því að samningar höfðu tekist áður. Framangreind málsástæða leiðir ekki rökrétt til þess, að unnt sé að taka dómkröfu stefnanda til greina.

Gögn málsins eru að mestu frásagnir fjölmiðla um meira og minna ósam-hljóða skoðanir manna um tilvik af öðru tilefni en hér ræðir um. Verða þau ein sér ekki lögð til grundvallar í dómsmáli sem þessu, heldur þarf að leggja fyrir hlutlæg úttekt á því, hvaða mannafla sé þörf til þess að halda uppi

nægilega traustri stjórn flugumferðar, til að landið einangrist ekki um loftferðir og staðið verði við alþjóðlegar skuldbindingar. Í þessu efni er nauðsynlegt að tilgreina, hvaða störfum kann að vera ofaukið á hinni umdeildu skrá, starfslýsingar og hvort og þá hvernig þau tengist flugumferðarstjórninni. Skrá samkvæmt auglýsingu nr. 68/1995 hefur framlengst óbreytt, en um hana var dæmt í áðurgreindum dómi Félagsdóms 25. september 1995, og er málið nú í sama horfi og eftir þann dóm.

Að framangreindu virtu ber að vísa málinu frá Félagsdómi með vísan til e-liðar 80. gr. og 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Eftir atvikum telst rétt, að stefnandi greiði stefnda 50.000 kr. í málskostnað.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Félag íslenskra flugumferðarstjóra, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 50.000 kr. í málskostnað.

### S é r a t k v æ ð i Sveins Sveinssonar

Aðaldómkrafa stefnda er sú, að málinu verði vísað frá dómi með vísan til 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Málið hefur aðeins verið munnlega flutt um þá kröfu stefnda.

Með dómi Félagsdóms frá 25. september 1995 í málinu nr. 3/1995 milli sömu aðila var sú afstaða tekin, að túlka bæri 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 á þann veg, að árlega ætti stefnandi rétt á að bera fram andmæli við framlengdri skrá. Líta verður svo á, að sá réttur sé virkur, hvort sem skráin hafi verið lögð óbreytt fram eða á henni verið gerðar breytingar. Þannig á stefnandi við hverja framlagningu skrárinnar rétt á að fá dæmt um gildi hennar.

Sú fullyrðing stefnda, að með fyrrnefndum dómi hafi verið dæmt um það ágreiningsatriði aðila, sem nú liggi fyrir, er ekki nægilega rökstudd. Í máli þessu hafa verið lögð fram önnur gögn og upplýsingar um afstöðu flugmálayfirvalda til nauðsynlegustu mönnunarþarfa við flugumferðarstjórn en gert var í fyrra máli og nýjar málsástæður verið bornar fram. Á stefnandi rétt á að fá afstöðu Félagsdóms til þeirra.

Að þessu virtu tel ég, að hafna eigi frávísunarkröfu stefnda, og tel, að málið eigi að fá efnislega meðferð fyrir dóminum.